

Tónlistarskólinn

Samskipti

- Öll samskipti innan skólans séu góð og einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Áhersla verði lögð á félagslegt gildi tónlistariðkunar.

Kennsla

- Forskóli í boði fyrir 1. – 2. bekk.
- Boðið upp á fjölbreytt nám og nemendur aðstoðaðir við að komast í nám sem ekki er mögulegt að bjóða upp á í bænum.
- Hlúð verði að kórastarfi og það eft.
- Samleikur aukinn, m.a. með ýmsu hljómsveitarstarfi.

Aðstæður

- Hæft, ánægt og áhugasamt starfsfólk starfi við skólann.
- Unnið að því að nemendum skólans fjölgi um leið og aðstæður til náms batna.
- Tónlistarskólinn færir í sama húsnæði og grunnskólinn og grunnskólabörnum þannig auðveldað aðgengi að tónlistarnámi.
- Gert ráð fyrir kennslurými sem er sérstaklega ætlað fyrir tónlistarkennslu við hönnun húsnæðis.

Samvinna heimila og skóla

- Heimasíða Garðs verði í auknum mæli nýtt til að koma fréttum á framfæri.
- Upplýsingaflæði til foreldra og íbúa bæjarins verði eft.
- Tónlistarskóli mun samræma skóladagatal við skóladagatal leikskóla og grunnskóla eins og kostur er.
- Lögð áhersla á regluleg samskipti foreldra og kennara.

Tengsl við umhverfi

- Unnið að auknum samskiptum við fyrirtæki og stofnanir bæjarins.
- Áframhaldandi samstarf við aðra tónlistarskóla.
- Tónlistarlíf í bænum eft og nemendur skólans komi í auknum mæli fram við ýmis tækifæri.

Skólabragur

- Vinnuandi hvetjandi til frekara tónlistarnáms.
- Gleði og jákvæðni einkenni skólastarfið.

Æskulýðsstarf

Samskipti

- Lögð verði áhersla á félagslega færni barna.
- Með öllu æskulýðsstarfi verði sjálfsmynd barna styrkt.
- Starfsemi verði kynnt á fleiri tungumálum en íslensku og leitast þannig við að rjúfa félagslega einangrun innflytjenda.

Viðfangsefni

- Boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni í tómsunda- og íþróttastarfi.
- Boðið upp á kynningarnámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Aðstæður

- Fagaðilar vinni með börnunum í öllu íþrótt- og tómsundastarfi.
- Þeir sem vinna með börnunum séu góðar fyrirmyndir.
- Unnið að því að safella verði í vinnudegi barna.
- Stefnt að því að skipulegri íþrótt- og tómsundastarfsemi hjá börnum að 10 ára aldri sé lokið fyrir kl. 18:00 að kvöldi.

Samvinna við heimili og tengsl við umhverfi

- Unnið að því að foreldrar verði virkir þátttakendur í íþrótt- og tómsundastarfi barna sinna.
- Forsvarsmenn félaga, kirkju, æskulýðsmiðstöðvar og skóla hittist að hausti, beri saman bækur sínar og skipuleggi starf vetrarins, m.a. með samræmingu í huga.
- Upplýsingar um hvað er í boði ásamt tímatöflu, dreift inn á hvert heimili. Einnig verða sömu upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.

Einkenni

- Heilbrigðir og hollir lífshættir.
- Áhersla er lögð á gildi forvarna í íþróttum og tómsundastarfi.
- Öll börn og ungmenni hvött til þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi.



Útgefandi: Sveitarfélagið Garður

Útgefið: Mars 2008

Hönnun: Hennar hátign ehf.

Mynd á forsiðu: Sara Bertha

Þorsteinsdóttir - útsaumsmynd gerð

við ljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur,

Nú haustar að.

SKÓLASTEFNA

SVEITARFÉLAGSINS GARÐS